

Sp.

78. Tillaga til þingsályktunar

um vélar til raforkuvinnslu á sveitaheimilum.

Flm.: Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. að láta rannsaka hið allra fyrsta, hvernig raforkuþörf sveitaheimila, sem ekki hafa hentug skilyrði til vatnsvirkjunar, verði haganlegast fullnægt, meðan ekki er kostur á raforku frá orkuverum með háspennuleiðslum;
2. að tryggja bændum með gjaldeyrisráðstöfunum þær vélar, er álitlegastar þættu til raforkuvinnslu fyrir sveitaheimili, með beztu fáanlegum kjörum og ákveða, að ekki verði hærri tollur greiddur af vélum þessum en landbúnaðarvélum;
3. að hlutast til um að loknum rannsóknum samkv. tölul. 1, að gefinn verði út leiðarvísir fyrir notendur vélanna um gerð þeirra, niðursetning og alla meðferð.

Greinargerð.

Það hefur mikið verið um það rætt síðustu árin, hver nauðsyn bændunum væri á því að taka vélar og hvers konar nýtizkutækni í sína þjónustu. Þetta er þó enginn nýr boðskapur. Bændum var flestum orðið þetta ljóst, áður en kreppan skall á, og mörgum löngu áður. Á árunum 1931—39 átti þorri bænda fullt í fangi með að kljúfa árleg rekstrarútgjöld búanna, og varð því lítið fé afgang til að kaupa dýrar vélar. Þó miðaði flest árin nokkuð áleiðis í því efni. Eftir að stríðið skall á, batnaði hagur bænda, en þá brá líka svo við, að pantanir á alls konar landbúnaðarvélum streymdu að frá bændum og búnaðarfélögum. Vegna styrjaldarinnar reyndist ógerlegt að útvega nema örlítið brot af því, sem um var beðið, og við það situr enn þá, en væntanlega rætist úr því á næsta ári. Stríðsárin hafa því þrátt fyrir fullan vilja margra bænda til að breyta um búnaðarhætti orðið þeim biðtími. Þennan tíma hafa bændur, Búnaðarfélag Íslands og búnaðarþing notað til að undirbúa og skipuleggja ræktun og húsabyggingar í sveitum með stórvirkum vélum og nýtizkutækjum. Með lögnum um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir, er millipinganefnd búnaðarþings samdi og búnaðarþing og Alþingi samþykktu, er bændum gert kleift að koma í framkvæmd með félagslegum átökum stórfellri ræktun og húsagerð í sveitum. Þessi starfsemi hefst fyrir alvöru, er þær vélar koma, sem beðið er eftir.

Í kjölfar ræktunarinnar koma svo enn fleiri vélar og tæki til heyvinnu og annarra starfa utan bæjar, er spara mannsaflið og léttu störf. Það eru því horfur á, að á verksviði bóndans verði á næstu árum gagnger breyting um vélanotkun og tækni frá því, sem verið hefur.

Nokkuð öðru máli gegnir um verkahring húsmóðurinnar. Að visu hafa einnig á því sviði orðið allmiklar breytingar til verkaléttis. Mætti þar til nefna haganlegri húsaskipan, góðar eldavélar, miðstöðvarhitun, vatnsleiðslu, skolpleiðslu o. fl., sem breiðzt hefur óðfluga um allar sveitir á síðari árum. Þrátt fyrir þessar framfarir skortir þó mjög á, að húsmæður í sveitum hafi fengið þann verkalétti við störf sín, er þær nauðsynlega þarfnast. Veldur því sívaxandi verkafólksskortur, sérstaklega til innanbæjarstarfa, svo að víða horfir til vandræða.

Það, sem einkum torveldar áframhaldandi úrbætur á þessu sviði, er, að tæki til verksparnaðar innan bæjar, svo sem við ýmiss konar matargerð, ræstingu, þvott, frystingu og geymslu matvæla o. fl., eru yfirleitt knúin raforku, en meðan heimilin eiga hennar engan kost, verður ekki bætt úr aðkallandi þörf heimilanna á þessu sviði. Allmörg heimili eru að visu þannig sett, að þau geta aflað sér nauðsynlegrar raforku með smávatnsvirkjunum, en hin eru þó margfalt fleiri, sem þess eiga engan kost. Til þess að hjálpa þessum heimilum hefur verið rætt um að reisa raforkuver með raforkuveitum um helztu héruð landsins. Hér er þó fyrst og fremst um fram- tíðarlausn að ræða, því að varlegast er að gera ráð fyrir, að framkvæmdir á þessu sviði verði með líkum hætti og t. d. símalagningar, og er því auðsætt, að mörg heim- ili verði að bíða lengri eða skemmri tíma, áður en þau fá raforku eftir þessum leiðum. Bændur verða því margir hverjir að leita annarra úrræða, að minnsta kosti í bili, til að afla sér raforku til heimilisþarfa. Gæti þar komið til greina að nota t. d. hráolíumótora. Því miður verður að gera ráð fyrir, að ekki svari kostnaði að nota þessa raforku til suðu eða hitunar. Notkun hennar yrði því til ljósa og til að knýja vinnusparandi tæki innan bæjar og enn fremur mjaltavélar, blásara við súgurrkun heys o. fl. utan bæjar.

Nú eru daglega auglýstar í útvarpi og blöðum vindrafstöðvar fyrir sveitaheimili og mótora af ýmsum stærðum og gerðum, þar sem hver heldur fram gæðum sinnar vélar. Það er því úr vöndu að ráða fyrir bændur, sem skortir þekkingu og reynslu á þessu sviði, og því oft tilviljun ein, sem ræður, hvaða vélar eru keyptar. Auk þessa er hættu á, þegar keyptar eru vélar af margvíslegum gerðum, að ekki verði séð nægi- lega fyrir varahlutum til þeirra véla, er náð hafa lítilli útbreiðslu, og gæti þá svo farið, að bændur yrðu að kasta vélum, er þær biluðu, af því að varahlutir fengjust ekki.

Loks má benda á, að bændur hafa yfirleitt mjög takmarkað fjármagn til um- ráða, en verða að verja miklu fé til vélakaupa, ræktunar og húsagerðar og marg- víslegra annarra umbóta, er hafa orðið að bíða undanfarin styrjaldarár. Bændum er því flestum stéttum fremur rík nauðsyn á, að engin mistök eigi sér stað og að hver eyrir, sem í þetta er lagður, komi að fullum notum.

Með þáttill. er leitast við að tryggja bændum góðar og hentugar vélar til raf- orkuvinnslu og jafnframt greiða götu þess, að húsmæður sveitanna eigi ekki við lakari skilyrði að búa en margar þær, sem húsettáru eru í kaupstöðum og kaupún- um, meðan þær bíða eftir raforku frá háspennuleiðslum þeim, sem lagðar verða um sveitirnar.